

Nd.

227. Frumvarp til laga

[125. mál]

um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Flm.: Gunnar Gíslason.

1. gr.

Stjórn Utanverðuneslegats heimilast með lögum þessum að selja ábúanda hálfu jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi. Enn fremur heimilast stjórn legatsins að selja hinn helming jarðarinnar, ef ábúð á þeim hluta jarðarinnar er tryggð eða önnur sú starfsemi, sem jafngildir ábúð.

Jörðin skal seld því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð.

Andvirði jarðarinnar skal vera eign Utanverðuneslegats.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar Utanverðuneslegats. Frumvarpið er þó ekki fyllilega í samræmi við óskir legatsstjórnarinnar, en flm. þótti rétt að hafa frv. í sem svipuðustu formi og frumvörp um sama efni, sem áður hafa verið flutt á Alþingi og hlotið hafa samþykki þess. Bréf legatsstjórnarinnar til flm. skýrir málið, og birtist það með þessari greinargerð sem fylgiskjal. Þau gögn, sem vitnað er til í bréfi legatsstjórnarinnar, eru í höndum flm., og getur nefnd sú, sem um málið fjallar í þinginu, fengið aðgang að þeim.

Fylgiskjal.

Sauðárkróki, 21. nóv. 1962.

Hr. alþm. sr. Gunnar Gíslason, Alþingi.

Stjórn Utanverðuneslegats hefur komið sér saman um að fara þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér aflið heimildar Alþingis til sölu á jarðeign legatsins, Utanverðunesi í Rípurhreppi.

Vegna þessarar beiðni vill legatsstjórnin taka fram eftirfarandi:

Jörðin Utanverðunes var gerð að kristfjárjörð með gjafabréfi séra Benedikts Vigfússonar prófests á Hólum, dags. 31. janúar 1838. Í bréfi þessu er svo fyrir mælt, að afgangi jarðarinnar skuli varið til framfærslu og styrktar munaðarlausum börnum í Skagafjarðarsýslu, og skyldu börn í Hólahreppi sitja fyrir um slíkan styrk. Mun afgangi jarðarinnar lengst af hafa verið varið í samræmi við téd ákvæði.

Frá fardögum 1956 hefur hálf jörðin verið í byggingu Páls Jónassonar frá Hróarsdal, en hinn helmingurinn byggður Búnaðarsambandi Skagfirðinga frá sama tíma. Er síðarnefnd háflenda leigð til stofnunar búfjárræktarmiðstöðvar og til annarrar rannsókn- og tilraunastarfsemi á vegum búnaðarsambandsins, og fylgja þeim hluta engin hús. En hinum hlutanum munu hafa fylgt léleg hús, svo sem úttektargerð ber með sér. Önnur hús jarðarinnar eru eign ábúanda, ýmist keypt af fráfaraða eða reist að nýju, sbr. meðfylgjandi greinargerð ábúanda.

Ástæður legatsstjórnarinnar fyrir umsókn um umbeðna heimild til sölu á jörðinni eru aðallega þessar:

Bryna nauðsyn ber til að byggja upp flest hús á jörðinni, bæði íbúðarhús og peningshús. Legatsstjórnin hefur eigi til umráða fé til þessara framkvæmda, enda hefur jörðin verið leigð fyrir mjög lágt eftirgjald, þar til núverandi leigutakar tóku við henni. Að vísu er landsdrottinn undanþeginn skyldu til að byggja upp á jörðinni skv. ákvæðum núgildandi byggingarbréfs. Hins vegar telur ábúandinn Páll Jónasson sér eigi fært að byggja upp á sinn kostnað, nema hann fái jörðina eða sinn ábúðarhelming keyptan, og gerir legatsstjórnin ráð fyrir, að sama muni gilda um aðra ábúendur, sem til greina kæmu. Er auðsætt, að jörðin bíður af því skaða og verður eigi fullnýtt við núverandi aðstæður. Slíkt er til tjóns fyrir legatið, leigutaka og hlutaðeigandi sveitarfélag.

Legatsstjórnin telur rétt að taka fram, að ákvæðum gjafabréfs sr. Benedikts Vigfússonar prófests er engu síður unnt að fullnægja, þótt jörðin yrði seld. Kæmu þá vextir af sparifjáreign í stað jarðarafgjalds áður. Hins vegar verður því tæplega neitað, að forsendur fyrir ákvæðum gjafabréfsins eru að miklu leyti fallnar úr gildi fyrir núgildandi tryggingalöggjöf.

Bréfi þessu fylgja:

Endurrit af gjafabréfi sr. Benedikts Vigfússonar prófests, endurrit af byggingarbréfum, endurrit af síðustu úttektargerð og greinargerð ábúandans Páls Jónassonar.

Legatsstjórnin telur eftir atvikum mjög æskilegt, að söluheimildin verði eigi eingöngu bundin við núverandi leigutaka, heldur hafi hún óbundnar hendur um að leita kauptilboða og haga sölu í samræmi við það.

Virðingarfyllst,

Jóh. Salberg Guðmundsson. Björn Björnsson.